

A tall, white lighthouse stands on a rocky coastline. The lighthouse is cylindrical with a dark top section. The foreground is filled with dark, jagged rocks, and the ocean is visible in the background under a clear sky.

Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Almannaheillafélög
- góðir starfshættir -

Hvað er almannaheillafélag

Almannaheillafélag er ýmist lögaðili eða félagasamtök sem fást aðallega við að safna eða ráðstafa fé í þágu góðgerða, mennta og mannúðar, eða fyrir trúarlegan, menningarlegan eða félagslegan tilgang.

ALMANNAHEILLAFÉLÖG

Hlutverk almannaheillafélaga

Almannaheillafélög gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki. Um er að ræða félög sem taka þátt í hvers konar góðgerðarstarfi sem varða m.a. húsnæði, samfélagslega þjónustu, menntun, heilbrigði, íþróttastarf og menningarstarf.

Almannaheillafélög hér á landi eru meðal annars skráð trú- og lífsskoðunarfélög, sjóðir og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sjálfseignarstofnanir og önnur almannaheillafélög.

Tilgangur fræðsluefnisins

Líkt og önnur félög geta almannaheillafélög verið misnotuð með ýmsum hætti. Dæmi um slíka misnotkun er til að mynda peningþvætti, fjársvik, skattsvik og fjármögnun hryðjuverka. Þessu fræðsluefni, sem byggir á tilmælum Alþjóðlega fjármálaaðgerðarhópsins (FATF nr. 8), er ætlað að efla skilning almannaheillafélaga á því hvernig þau geta verið misnotuð til fjármögnunar hryðjuverka og hvernig megi draga úr hættu á misnotkun.

Þótt að hér sé áhersla lögð á leiðbeiningar til að draga úr mögulegri misnotkun á almannaheillafélögum til fjármögnunar hryðjuverka, nýtast þær einnig til að draga úr áhættu á annars konar fjárhagslegri misnotkun.

Dæmi um aðferðir til misnotkunar

Tilfærsla fjármuna:

Einstaklingar innan almannaheillafélaga eða tengiliðir félaganna komast yfir fjármuni sem nota á til almannaheilla og koma þeim þess í stað til aðila sem nota þá til fjármögnunar hryðjuverka eða hryðjuverkasamtaka.

Eftirfarandi leiðir kunna að vera nýttar við tilfærslu fjármuna innan almannaheillafélaga:

- Millifærslur
- Staðgreiðsluviðskipti og smygl reiðufjár (e. *cash couriers*)
- Ótengdir einstaklingar og persónulegir reikningar þeirra
- Ótengdir lögaðilar og reikningar þeirra
- Hraðsendingarþjónusta (e. *money service businesses*)
- Ferðatékkar og bankaávísanir

Tengsl við hryðjuverkasamtök:

Almannaheillafélög eða félagsmenn þeirra geta tengst hryðjuverkasamtökum meðvitað eða ómeðvitað. Mikilvægt er að almannaheillafélög hafi góðan skilning á bakgrunni og tengslaneti starfsmanna félagsins, þeirra sem afla fjár, stjórnarmanna og annarra sjálfboðaliða. Jafnframt er mikilvægt að þekkja störf samstarfsaðila félagsins og tengsl þeirra við önnur samtök.



Hvenær er hættan mest?

Margt bendir til þess að almannaheillafélög séu helst útsett fyrir misnotkun af hryðjuverkasamtökum þegar þau reka þjónustu á svæðum með virka eða mikla hryðjuverkaógn. Almannaheillafélög sem veita þjónustu á slíkum svæðum virðast verða viðkvæmari fyrir misnotkun við áföll á borð við náttúruhamfarir eða sambærileg áföll þegar eftirspurn eftir fjármagni almannaheillafélaganna eykst. Skyndileg aukin eftirspurn eftir fjármunum félaganna eykur álag á starfsmenn, sem kann að leiða til þess að yfirsýn og fylgni við verkferla verður minni.

MISNOTKUN Á ALMANNAHEILLAFÉLÖGUM

Misnotkun á verkefnum:

Verkefni sem almannaheillafélög fjármagna sem ætlað er að styðja við mannúðarstarfsemi geta verið misnotuð til stuðnings við hryðjuverkastarfsemi. Þess vegna er mikilvægt að almannaheillafélög hafi viðeigandi eftirlit með ráðstöfun fjármuna.

Aðstoð við nýliðun hryðjuverkasamtaka:

Verkefni eða aðstaða sem fjármögnuð er af almannaheillafélögum kann að vera notuð til þess að skapa andrúmsloft nýliðunar hryðjuverkasamtaka.

Gervifélög:

Einstaklingar tengdir hryðjuverkastarfsemi kunna að koma fram sem fulltrúar lögmætra almannaheillafélaga í því skyni að safna fjármunum fyrir hryðjuverkastarfsemi.

Hvaða félög eru í hættu á misnotkun?

Almannaheillafélög sem hafa það að meginmarkmiði að taka þátt í mannúðarstarfi eru líklegri til að vera misnotuð en önnur félög. Þessi félög starfa oft á tíðum á landssvæðum þar sem hryðjuverkasamtök hafa sterk ítök og pólitískur stöðugleiki er lítill.

Meiri hættu er á misnotkun hjá þeim almanna-

heillafélögum sem starfa með einstaklingum í viðkvæmri stöðu eða starfa á svæðum þar sem hryðjuverkaógn er mikil.

Almannaheillafélög sem starfa í umhverfi eða samfélagi sem er skotmark hryðjuverkasamtaka eru einnig líkleg til að vera misnotuð. Hafa þer í huga að slíkar aðstæður eru ekki endilega á landsvæðum átaka og lítilla afskipta stjórnvalda.

Aðferðir til að draga úr hættu á misnotkun

Almannaheillafélög geta gripið til ýmissa ráðstafana til að draga úr hættu á misnotkun. Í fyrsta lagi er mikilvægt að hafa til staðar góða stjórnarhætti, þar á meðal öfluga innri endurskoðun, fjárstýringu og áhættustýringu. Í öðru lagi er áriðandi að framkvæma áreiðanleikakönnun á styrktaraðilum, þeim einstaklingum og samtökum sem almannaheillafélög styrkja og samstarfsaðilum. Áreiðanleikakönnun ætti að fara eftir aðstæðum hverju sinni.

Aðrar ráðstafanir til að draga úr hættu á misnotkun eru til dæmis með því að:

- Vera hluti af heildarsamtökum.
- Tryggja ábyrgð og gagnsæi í starfseminni.
- Hafa eftirlit með ráðstöfun fjármuna.



Góðir stjórnarhættir

Góðir stjórnarhættir draga úr hættu á misnotkun á starfsemi almannaheillafélaga. Góðir stjórnarhættir felast meðal annars í því að tryggja heilindi almannaheillafélaga, val á traustum samstarfsaðilum, gagnsæi í meðferð fjármuna, undirbúningur verkefna og eftirlit.

HEILINDI Í STARFSEMI ALMANNAHEILLAFÉLAGA

- Tryggja gagnsæi í fjármögnun félagsins.
- Hafa öflugt innra eftirlit og skýrar verklagsreglur.
- Semja og skila ársreikningi í samræmi við lög.
- Framkvæma áhættumat.
- Undirbúa verkefni og hafa eftirlit með þeim.
- Stjórn setji sér starfsreglur, hafi yfirsýn og veiti starfseminni aðhald.
- Tryggja heilindi starfsmanna og sjálfbóðaliða.
- Tryggja þjálfun og þekkingu starfsmanna og sjálfbóðaliða.

Áhættumat

Mikilvægt er að almannaheillafélög hafi góða þekkingu á eigin starfi og starfsaðstæðum. Slík þekking eykur skilning á mögulegri áhættu og auðveldar félögum að grípa til viðeigandi ráðstafana til að draga úr henni.

Dæmi um leið til að auka skilning á og draga úr áhættu á misnotkun er til að mynda að framkvæma áhættumat áður en hafin er starfsemi í nýju umhverfi eða þegar unnið er með nýjum samstarfsaðilum eða tengiliðum.

Heilindi í starfsemi almannaheillafélaga

Almannaheillafélög eru rekin með ýmsum hætti. Þau geta verið sjóðir eða stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagskrá,

skráð trú- og lífsskoðunarfélög, sjálfseignarstofnanir eða önnur félagasamtök. Þeim er það sameiginlegt að vera stofnuð á grundvelli viðeigandi laga og starfa í samræmi við skipulagskrár eða samþykktir, sem skýra tilgang, skipulag og starfsemi þeirra.

Mikilvægt er að tryggja heilindi og gagnsæi í starfsemi almannaheillafélaga t.d. með því að hafa aðgengilegar og opinberar upplýsingar um markmið félagsins, fjármál, verkefni, umsvif, stjórnarhætti og stjórnskipulag. Undanþegið slíkri opinberri upplýsingagjöf ættu að vera þagnarskyldar upplýsingar, persónuupplýsingar og aðrar upplýsingar sem eðlilegt er að leynt fari.

Til að tryggja heilindi almannaheillafélaga ættu stjórnir þeirra að hafa skýra stefnu um meðferð fjármuna og mannauð, funda reglulega og hafa virkt eftirlit með starfsemi félagsins. Almannaheillafélög ættu að tryggja að brugðist sé við kvörtunum eins fljótt og auðið er. Afgreiðsla þeirra ætti að vera óhlutdræg og réttindi hlutaðeigandi til trúnaðar og upplýsinga ættu að vera virt til fulls.

Siðareglur

Almannaheillafélög eiga að fylgja lögum, reglugerðum og tilmælum sem eiga við um starfsemi þeirra á þeim svæðum sem félagið starfar. Þau ættu einnig að andmæla og neita



ÁREIÐANLEIKAKÖNNUN

Áreiðanleikakönnun

Með áreiðanleikakönnun er átt við upplýsinga- og gagnaöflun sem felst í því að sannreyna deili, orðspor, traust og trúverðugleika samstarfsmanna. Við matið er aflað áreiðanlegra og sjálfstæðra upplýsinga, þar á meðal opinberra upplýsinga um orðspor viðkomandi.

TRAUSTIR SAMSTARFSAÐILAR

Þátttöku í hvers konar misgerðum, hvort sem þær eru af fjárhagslegum toga eða öðrum, ásamt því að upplýsa viðeigandi stjórnvöld, verði þau vör við slíkt. Grípa ætti til skjótra aðgerða og úrbóta hvar og hvenær sem nokkurs konar misgerð hefur verið framin af stjórn félagsins, starfsmanni þess eða sjálfboðaliða.

Setning siðareglna stuðlar að auknum heilindum. Siðareglur geta verið settar af einstökum almannaheillafélögum fyrir eigin starfsemi eða af heildarsamtökum almannaheillafélaga fyrir aðildarfélög. Eftirfarandi eru dæmi um efnisþætti siðareglna:

- Almannaheillafélagi ætti að vera stýrt af sjálfstæðri, virkri og upplýstri stjórn sem ber ábyrgð á starfsemi félagsins.
- Almannaheillafélag ætti að hafa skýrar reglur og ferla um stjórnarhætti, starfsemi, ákvarðanatöku, samskipti stjórnar, framkvæmdastjóra og starfsmanna. Þessar reglur og ferlar ættu að vera endurskoðaðir reglulega.
- Stjórn ætti að yfirfara árlega og samþykkja ársreikning félagsins. Stjórn ætti jafnframt að taka allar meiriháttar ákvarðanir, ákvarðanir um þóknun og yfirfara reglur, ferla, áætlanir og verkefni félagsins.
- Félagið ætti að hafa stefnu og viðbragðs-áætlanir vegna hagsmunarárekstra.

- Félagið ætti að hafa jafnréttistefnu sem er kynnt öllum starfsmönnum og sjálfboðaliðum.
- Stjórn félagsins ætti reglubundið að endurmeta samþykktir félagsins, svo sem tilgang þess, áætlanir, markmið, forgangsmál og nýtingu mannafla og fjármuna.

Traustir samstarfsaðilar

Til að koma í veg fyrir misnotkun samstarfsaðila á fjármagni félags ættu almannaheillafélög að framkvæma áreiðanleikakönnun á þeim aðilum og samtökum sem það tekur við framlögum frá, gefur fé til eða vinnur náði með áður en tekið er upp samstarf eða gerðir samningar.

Við gerð áreiðanleikakönnunar ætti að notast við allar tiltækar opinberar upplýsingar, þ.á m. lista yfir alþjóðlegar þvingunaraðgerðir sem stafa frá Sameinuðu þjóðunum, ríkjum eða ríkjasvæðum (sjá fræðslufni um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir).

Stjórn almannaheillafélaga ætti að samþykkja skráðar verklagsreglur um val á samstarfsaðilum. Þar ætti að fjalla um aðferðir við val á samstarfsaðilum og hvaða kröfur félagið gerir m.a. um orðspor, þekkingu og reynslu samstarfsaðila.

Gera ætti skriflegt samkomulag við samstarfs-



Fjárhagslegt gagnsæi

Gagnsæi í meðferð fjármuna og traust fjárhagslegt eftirlit dregur úr misnotkun. Almannaheillafélög ættu að stuðla að gagnsæi við meðferð fjármuna með því að koma upp verklagi svo rekja megi fjármuni, þjónustu, útbúnað og millifærslur félagsins til að draga úr hættu á fjármögnun hryðjuverka.

GAGNSÆI VIÐ MEÐFERÐ FJÁRMUNA

aðila. Í samkomulaginu ætti að skilgreina hlutverk, skyldur og ábyrgð beggja aðila, tilgreina notkun og ráðstöfun fjármuna, fjalla um upplýsingagjöf um ráðstöfun fjármuna og eftirlit með ráðstöfun þeirra auk orðspors starfsmanna samstarfsaðila.

Slíkir samningar ættu auk þess að innihalda:

- Yfirlýsingu samstarfsaðila um að hann starfi í samræmi við lög sem banni viðskipti og fjárhagslegan stuðning við hryðjuverkasamtök og að hann veiti ekki og muni ekki veita stuðning eða aðstoð til einstaklinga eða lögaðila sem styðja við hryðjuverk.
- Yfirlýsingu um að samstarfsaðili og fyrirsvarsmenn hans séu ekki bannaðir, taldir óhæfir eða á válista löggæsluyfirvalda eða annarra stjórnvalda.
- Yfirlýsingu þar sem samstarfsaðili staðfestir að hann veiti ekki hernaðar- eða stríðshópum aðstoð, hvorki fjárhagslega eða annars konar.
- Yfirlýsingu um að samstarfsaðili veiti ekki og muni ekki veita fjármuni eða annars konar framlög eða aðstoð til þeirra einstaklinga eða lögaðila sem eru á bannlistum Sameinuðu Þjóðanna, ríkja og ríkjasambanda.
- Yfirlýsingu um að samstarfsaðili muni án tafar greina frá öllum afskiptum eða íhlutum af hálfu vígahópa, þar á meðal hvers konar hryðjuverkasamtaka.

Fjárhagleg ábyrgð og gagnsæi

Almannaheillafélög geta dregið úr hættu á misnotkun fjármuna þess með öflugum eftirliti og skýrum verkferlum, til dæmis með því að halda fullnægjandi bókhald yfir tekjur, útgjöld og sjóðstreymi og um endanlega notkun fjármuna. Skýrir verkferlar við innheimtu og ráðstöfun fjármuna og skýr afmörkun verkefna eru einnig til þess fallin til að draga úr hættu á misnotkun. Almannaheillafélög þurfa jafnframt að vera meðvituð um uppruna eigin tekna og ættu að hafa skýrar reglur um hvenær ætti að hafna framlögum.

Upplýsingar um starfsemi og verkefni almannaheillafélaga ættu að vera aðgengilegar almenníngi.

Aðrir þættir sem geta dregið úr hættu á misnotkun eru að:

- Hafa upplýsingar um uppruna fjármuna félagsins og upphæðir framlaga aðgengilegar almenningi, þar með talið upplýsingar um helstu stuðningsaðila.
- Hafa skráðar reglur um innkaup á vörum og val á birgjum þar sem fram kemur með hvaða hætti eigi að óska eftir tilboðum og hvenær eigi að fara í útboð. Með hvaða hætti eigi að stýra hagsmunaárekstrum milli birgja og stjórnar, starfsmanna eða samstarfsfélaga félagsins og hvaða kröfur eru gerðar um hæfi og orðspor birgja.
- Hafa verklag um samþykkt á útgjöldum þar



Skýrir ferlar og aðferðir gegn misnotkun

Mikilvægt er að almannaheillafélög hafi til staðar skýra ferla þar sem m.a. er fjallað um upplýsingaflæði, nauðsynlegar aðferðir og viðbrögð komi upp grunur um fjármálamisferli.

VARNIR GEGN MISNOTKUN

sem fram kemur hver geti staðfest greiðslur á vegum félagsins og hvaða fjárhæðir.

- Útbúa árlega fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi ár þar sem fjallað er m.a. um frávik frá fjárhagsáætlun undangengins árs. Fjárhagsáætlun og uppgjör ætti að vera samþykkt af stjórn félagsins og vera aðgengileg almenningi.
- Gera nákvæmar áætlanir um verkefni félagsins þar sem m.a. er fjallað um hverjir beri ábyrgð og reglulega skýrslugjöf.
- Undirbúa tillögur um eftirfylgni og loka-skýrslur um verkefni almannaheillafélaga sem eru aðgengilegar styrktaraðilum.
- Hafa skriflega stefnu gegn spillingu. Auðkenna ætti áhættuþætti spillingar í því umhverfi sem félögin starfa í (t.d. fjársvik, óhófleg verðlagning og mútur, tvöföld verðlagning, uppsöfnun launa og misnotkun gjaldmiðlagengis).
- Hafa ábyrgð á fjármunum félagsins, fjáröflun og eignavörslu á höndum fleiri en eins starfsmanns.
- Framkvæma reglubundna eignaathugun, sem nær einnig til reiðufjár og birgða.
- Setja upp fyrirkomulag sem tryggir endurskoðun allra viðskipta. Viðskipti ættu að vera staðfest og endurskoðuð af öðrum aðila en stofnaði til þeirra. Séu tékkar notaðir er skynsamlegt að krefjast tveggja undirskrifta. Sama gildir um millifærslur.
- Tryggja að framkvæmdastjórn útbúi og yfir-

fari mánaðarlega samanburðarskýrslur á fjárhagsáætlunum og raunútgjöldum.

- Hafa til staðar skýra verkferla fyrir fjármál, fjáröflun, stjórn og eignastýringu.

Þau almannaheillafélög sem starfa alþjóðlega og gera samninga við stofnanir Sameinuðu þjóðanna og önnur mannúðarsamtök í þágu mannúðaraðstoðar ættu að gera ráðstafanir til að tryggja ábyrgð og gagnsæi varðandi nýtingu fjármuna. Ráðstafanir þessar fela í sér:

- Undirbúning og eftirlit með verkefnum samtakanna, fjárhagsáætlunum, hagkvæmni og áhættu þeim tengdum.
- Verkferla til að fylgjast með því að farið er eftir gerðum samningum hvað varðar fjáröflun, skýrslugjöf um framvindu verkefna og úthlutun fjármuna.
- Að millifæra fjármuni í gegnum fjármála-stofnanir til að tryggja rekjanleika fjármuna.
- Eftirlit með bókhaldsaðferðum samstarfsaðila og staðfesta að öll útgjöld séu staðreynd og í samræmi við áður samþykktar fjárhæðir.
- Að staðfesta að viðurkenndum reiknings-skilavenjum sé fylgt og að árleg sjálfstæð endurskoðun eigi sér stað á reikningum félagsins.

Almannaheillafélag sem starfar í áhættusömu ríki eða á viðkvæmum svæðum ætti að nota eftirfarandi ráðstafanir til að auka fjárhagslega ábyrgð og gagnsæi:



UNDIRBÚNINGUR

Áhættumiðað eftirlit

Almannaheillafélög ættu að hafa reglubundið áhættumiðað eftirlit með framkvæmd verkefna, með því að staðfesta tilvist styrkþega og tryggja rétta ráðstöfun fjármuna, birgða og þjónustu.

UNDIRBÚNINGUR VERKEFNA OG EFTIRLIT

- Eingöngu ætti að framkvæma greiðslur gegn því að viðurkenndum staðfestum áföngum sé náð í verkefni eða starfsemi.
- Tryggja skýr reikningsskil.
- Óska eftir afritum af reikningum til að sannreyna útgjöld.
- Fara fram á að samstarfsaðilar noti sérstaka aðskilda bankareikninga fyrir fjármuni félagsins.
- Fara fram á að samstarfsaðilar óski eftir samþykki fyrir breytingum á fjárhagsáætlunum verkefna.
- Tryggja að brugðist sé við með viðeigandi hætti ef samningsskilmálum er ekki fylgt.
- Hafa skýra verkferla um meðferð fjármuna, vörslu gagna og stjórnun verkefna fyrir starfsmenn erlendis.
- Tryggja að starfsmenn erlendis hafi viðeigandi þekkingu á meðferð og stjórnun fjármuna.
- Krefjast þess að vextir af verkefnum félagsins skili sér til félagsins eða þess verkefnis sem þeir stafa frá.
- Hafa skýrar reglur um bókhald og vörslu fjárhagslegra upplýsinga.
- Framkvæma sjálfstæða úttekt og endurskoðun á ráðstöfun fjármuna.

Undirbúningur verkefna og eftirlit

Almannaheillafélög geta notað skipulag og eftirlit til að koma í veg fyrir að fjármunir þess séu nýttir til að fjármagna hryðjuverkastarfsemi eða aðra brotastarfsemi. Mælt er með því að

almannaheillafélög afmarki á skýran hátt eigin markmið og styrkþega og forðist verkefni sem samræmast ekki skilgreindum markmiðum. Skilningur á áhættuþáttum, setning skýrra verklagsreglna fyrir verkefni og reglubundið eftirlit með starfseminni stuðlar að því að fjármunir og þjónusta almannaheillafélaga sé nýtt með réttum hætti.

Almannaheillafélög ættu að hafa til staðar innra eftirlit og eftirlitskerfi til að tryggja að fjármunir og þjónusta þess séu nýtt eins og til var ætlast. Þannig ættu félögin að skilgreina tilgang og umfang starfseminnar með skýrum hætti, afmarka styrkþega eða hóp þeirra og meta hættu á fjármögnun hryðjuverka og aðferðir til að draga úr slíkri áhættu áður en samtökin hefja ný verkefni. Einnig ættu þau að hafa nákvæmar fjárhagsáætlanir fyrir hvert einstakt verkefni og fara reglulega yfir skýrslur um útgjöld.

Gagnsæi og heilindi í starfsemi almannaheillafélaga sem felast í þeim ráðstöfunum sem fjallað er um í þessum bæklingi eru til þess fallnar að draga úr hættu á fjársvikum, skattsvikum, fjárdrætti, peningabvætti og öðrum efnahagsbrotum, auk þess sem þær draga úr hættu á því að félagið verði misnotað til að styðja við hryðjuverkastarfsemi.



AÐHALD

Aðhald styrktaraðila

Aðilar sem hafa í hyggju að styrkja almannaheillafélag ættu að kanna það efni sem er aðgengilegt almenn- ingi til að ganga úr skugga um starfsemi félagsins, stjórnun þess, verkefni og hvar þau starfa. Þetta er sér- staklega mikilvægt þegar um er að ræða almannaheillafélög sem starfa á átakasvæðum eða þar sem hætta er á hryðjuverkastarfsemi.

Er hætta á að þitt félag sé misnotað?

Hér að neðan er yfirlit yfir þætti sem almannaheillafélög ættu að hafa í huga við mat á því hvort að skipu- lag og verkferlar félagsins séu til þess fallnir að draga úr hættu á misnotkun.

- Veit félagið hvaða einstaklingar, samtök og lögaðilar eru skráðir á lista yfir alþjóðlegar þvingunaraðgerðir vegna tengsla við hryðjuverk og fjármögnun þeirra?
- Þekkir félagið ákvæði hegningarlaga um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og afleiðingar þess að brjóta þau ákvæði?
- Hefur félagið þekkingu á bakgrunni og tengslaneti stjórnarmanna, starfsmanna, sjálfboðaliða og þeirra sem afla fjár fyrir félagið?
- Hefur félagið fullnægjandi þekkingu á lögum um bókhald, endurskoðun og ársreikninga?
- Hefur félagið viðeigandi þekkingu á staðháttum á þeim svæðum sem það starfar og helstu áhættuþáttum?
- Hefur félagið viðeigandi yfirsýn og innra eftirlit með fjárreiðum félagsins?
- Staðfestir félagið með reglubundnum hætti viðeigandi úthlutun fjármuna?
- Hefur félagið viðeigandi verkferla og kerfi til staðar til að rekja slóð fjármuna, birgða og þjónustu sem það úthlutar?
- Veit félagið hverjir nota aðstöðu þess og starfstöðvar og í hvaða tilgangi?
- Kannar félagið hvort önnur félög styrki sama málefni og þau styðja og hvaða félög það eru?
- Kannar félagið með reglubundnum hætti hvort að nafn þess sé misnotað?
- Veit félagið hvaðan framlög til þess koma og annar stuðningur?
- Veit félagið hver hefur endanlegt ákvörðunarvald yfir verkefnum sem félagið styður með framlögum eða öðrum hætti?
- Hefur félagið aðferðir til að staðfesta að fjármunir félagsins séu nýttir með réttum hætti?
- Þekkir félagið samstarfsaðila sína og tengsl þeirra við önnur samtök?
- Gerir félagið skriflega samninga við samstarfsaðila, bæði hérlendis og erlendis, þar sem umfang og framvinda verkefna eru skilgreind og eftirlit með þeim?
- Hefur félagið eftirlit með þeim verkefnum og samningum sem það á aðild að?

